

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 1:

- a. Við bætist nýr flokkur svohljóðandi og breytast númer síðari flokka til samræmis: „26. IF Flutningatæki t.d. dembarar sem ekki fara hraðar en 30 km/klst. burðargeta > 5 t ..... 5,0.“
- b. Tækjaheiti/þjónusta í nýjum 32. flokki hljóðar svo: „Lyftarar, lyftigeta  $\geq$  1,2 t en  $\leq$  10 t, lyftihæð > 0,4 m og stjórnandi getur ferðast með.“
- c. Við bætist nýr flokkur svohljóðandi: „39. NC Bílalyftur, vökvaknúnar ..... 4,0.“
- d. Við bætist nýr flokkur svohljóðandi: „67. SM Lyftitæki sem gengið er með eða staðið á palli, lyftigeta  $\geq$  1,2 t, lyftihæð > 0,4 m og < 2,5 m ..... 3,0.“
- e. Við bætist nýr flokkur svohljóðandi: „68. SN Flutningatæki sem stjórnandi ferðast með, lyftigeta  $\geq$  1.000 kg, lyftihæð < 0,4 m ..... 3,0.“

#### 2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er skv. 2. mgr. 49. gr. 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 18. apríl 2007.*

F. h. r.

**Ragnhildur Arnljótsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Sesselja Árnadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 7. maí 2007